



**Mættir:**

**Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES), Jónína Steinunn Helgadóttir (JH) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).**

**Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK).**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

**2. Innkomin bréf**

Tölvupóstur frá Elíasi Atlasyni starfsmanni ÍSÍ vegna leiðréttingar á skráningum á félagsmönnum Keflavíkur í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ. Nöfn frambjóðenda sem gefa kost á sér til stjórnar UMFÍ.

Tölvupóstur frá Arnari Halldórssyni vegna ósk um að stofna Rafíþróttadeild /ráð. Áætlað er að ráðið verði undir knattspyrnudeildinni til að byrja með. **Móttekið og aðalstjórn tekur vel í erindið. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvernig þetta er gert hjá öðrum íþróttafélögum sem nú þegar hafa innleitt þetta hjá sér.** Fundarboð á formannfund ÍRB 31. október 2019. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Kjartani Má Kjartanssyni vegna hækkun æfingagjalda. **Móttekið.**

Skinfaxi. **Móttekinn.**

**3. Send bréf**

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir deilda.

**4. 90 ára afmæli Keflavíkur**

90 ára afmæli Keflavíkur var 29. september. Boðið var til afmælisveislu í íþróttahúsinu við Sunnubraut. EH bauð viðstadda velkomna í afmælið. Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar tók til máls og færði félaginu blómvönd og hamingjuóskir frá bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Kjartan rakti aðeins uppvaxtarárin hjá Ungmennafélaginu og afskipti af bæjarmálunum. Hannes Jónsson formaður körfuknattleikssambandsins tók til máls og færði félaginu hamingjuóskir frá stjórn sambandsins og heiðraði þau Kristinn Óskarsson og Björgu Hafsteinsdóttur gullmerki sambandsins og þá Einar Hannesson, Einar Skaftason, Rúnar Georgsson og Sigurð Ingimundarson silfumerki sambandsins. Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ tók næst til máls og færði félaginu hamingju óskir frá formanni og stjórn og færði félaginu áletraðan disk og fimmtíu þúsundkrónur. Íþróttafélögin Víðir, Grindavík og Þróttur í Vogum færðu félaginu hamingjuóskir auk blómvanda. Taekwondodeid var með sýningu. Fimleikadeildin var með sýnishorn af því sem börin eru að gera á æfingum. Skotdeildin var að sýna byssur og knattspyrnudeildin leyfði viðstöddum að kanna skotkraftinn. Gestum var boðið upp á skúffuköku, kaffi, safa og kristall. Aðalstjórn bauð stjórnendum deilda og ráða í kvöldverð. Ólafur Ásmundsson sjá um að grilla lærin og skera ofan í okkur. Eysteinn Hauksson var honum til aðstoðar um kvöldið. BMB kom inn á hvort við ættum ekki að fara að huga að hundrað ára afmælinu sem er eftir tíu ár og leggja fyrir. Umræður voru um málið og stjórnin sammála að það þyrfti að huga að afmælinu og það yrði stórt.

**5. 51. Sambandsþing UMFÍ**

Sambandsþing UMFÍ er haldið þann 11. – 13. október 2019 að Hótel Laugarbakka.

Þingsetning er á föstudeginum 11. september kl. 18:00 og áætlað er að slíta þingi á sunnudeginum 13. september kl. 14:00. Fimm þingfulltrúar fara frá Keflavík en við eigum rétt á 13 þingfulltrúum.

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ hélt fund 3. október fyrir ungmennafélögin á Suðurnesjum þar sem hún kynnti tillögur stjórnar UMFÍ um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

**6. Jólblað Keflavíkur**

Jólblað Keflavíkur spurning með opnuviðtal og þann sem tekur viðtalið. Nokkrar umræður um málið og ákveðið að taka viðtal við XXXXXXXXXXXXXXXX og tala við Sævar Sævarsson um að taka viðtalið.





## 528. Stjórnarfundur haldinn 10. október 2019 kl:18:00

### 7. Önnur mál

Stuðningsmannkort körfunnar eru komin.

BMB spurðist fyrir um hvort deildir væru að riti fundagerðir. EH svaraði því til að á formannafundum væri farið yfir nauðsyn þess að rita fundagerðir en gæti ekki staðfest að allar deildir væru að rita fundagerðir.

***Framkvæmdastóra falið að kann hjá deildum hvort fundagerð sé rituð.***

BMB spurði hvort allir gætu notað merki félagsins og sagði frá því að hann vissi að því að það væri verið að selja húfur og skó með merki Keflavíkur. EH sagði að aðalstjórn hefði keypt einkaleyfi á merki félagsins og því væri hér um ólöglegan gjörning að ræða. ***Framkvæmdastjóra falið að kanna málið.*** BS kom inn á hvort við ættum að láta útbúa penna með merki félagsins í tilefni að 90 ára afmælinu og gefa. KG kom inn á að útbúa bláar könnur í tilefni af 90 ára afmælinu. Nokkrar umræður urðu um þessi tvö mál.

***Ákveðið var að kaupa boli sem karfan er að selja á stjórnarmenn. Framkvæmdastjóra falið málið.***

Næsti fundur 24. október kl.18:00

Fundi slitið kl. 19:15.

Fundinn ritaði BS.

